

17
30. mars

Reglugjörð

um iðgjöld til brunabótasjóða sveitarfjelaga o. fl.

Brunabótaiðgjöld þau, sem ákveðin eru í 21. gr. reglugjörðar 20. október 1906, um brunabótasjóði sveitarfjelaga, skulu haldast óbreytt til ársloka 1921.

Frá 1. apríl 1918 er framkvæmdarstjóra brunabótafjelds Íslands, samkvæmt 23. gr. laga nr. 54 frá 3. nóvember 1915, falin stjórn hins sameiginlega brunabótasjóðs fyrir sveitahíbýli.

Í stjórnarráði Íslands, 30. mars 1918.

Sigurður Jónsson.

Jón Hermannsson.

18 Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir »Ekknasjóð Vestur-Skafta-8. apríl fellsprófastsdæmis«, útgefin á venjulegan hátt að mandatura af dóms- og kirkju-málaráðherra Íslands 8. apríl 1918.

Skipulagsskráin er þannig:

Skipulagsskrá

fyrir ekknasjóð Vestur-Skaftafellsprófastsdæmis.

1. gr.

Tilgangur þessa sjóðs er að styrkja þurfandi ekkjur í Vestur-Skaftafellsprófastsdæmi, og skal hann því heita: Ekknasjóður Vestur-Skaftafellsprófastsdæmis. Eign sjóðsins er nú kr. 900,00.

2. gr.

Tekjur sjóðsins eru frjálsar gjafir, föst árleg tillög þeirra, sem nú eru og síðar kunna að verða tillagsmenn sjóðsins og nokkur hluti árlegra vaxta höfuðstólsins, sem síðar greinir.

Lágmark fastra tillaga til sjóðsins sje 1 — ein — króna á ári.

3. gr.

18
8. apríl

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða, heldur skal hann aukinn á þann hátt, er hjer greinir:

1. Með því að $\frac{1}{4}$ árlegra vaxta skal að minsta kosti ávalt lagður við höfuðstólinn, en allir vextirnir þá er engin ekkja nýtur styrksins.
2. Með gjöfum er sjerstaklega kynnu að vera gefnar í því skyni.
3. Með því að leggja við höfuðstólinn það af árstekjunum, er eigi kann að verða útbýtt.

Sjóðnum skal skift í deildir eftir hreppum, og skal styrkur þá fyrst veittur er hver deild hefir í sjóði kr. 200,00 — 600,00.

4. gr.

Í stjórn sjóðsins skulu vera: prófasturinn í Vestur-Skaftafellsprófastsdæmi, og hlutaðeigandi sýslumaður. Taka þeir á móti árstekjunum, semja árlega reikning sjóðsins, er birtur sje í B-deild Stjórnartíðindanna og úthlutar styrknum ásamt þremur mönnum, er árlega sjeu kjörnir á hjeraðsfundi, sinn úr hverjum hinna 3 fornu hreppa sýslunnar.

5. gr.

Tveir endurskoðendur sjeu árlega kosnir af hjeraðsfundi og skulu þeir endurskoða reikninginn áður en hann er birtur.

6. gr.

Höfuðstóll sjóðsins skal ávaxtaður í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands.

7. gr.

Á skipulagsskrá þessari skal beiðast konunglegrar staðfestingar.

Vík, 23. mars 1918.

Magnús Bjarnarson.

Sigurjón Markússon.